

**Sp.**

**13. Tillaga til þingsályktunar**

**[13. mál]**

um síldarleit.

Flm.: Jón Skaftason, Eysteinn Jónsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að síldarleit eigi sér stað allan ársins hring allt umhverfis landið.

**Greinargerð.**

Nú má telja, að örugg vitneskja sé fengin fyrir því, að síldin haldi sig á miðunum umhverfis landið árið um kring. Mikið riður á því að afla sem mestrar vitneskju um göngu hennar og hvar hún hefst við á hverjum árstíma.

Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós, að viti menn um dvalarstaði síldarinnar, þá er unnt að veiða hana á hvaða tíma sem er með því að beita nýjustu tækjum og góðum skipum.

Stöðug síldarleit þarf því að eiga sér stað allt umhverfis landið. Rannsaka þarf síldargöngur út af Norður- og Austurlandi á haustin og veturna, jafnhliða því sem leitað er fyrir Suður-, Suðvestur- og Vesturlandi.

Síldarleitina verður að miða við, að síldarúthald geti átt sér stað sem lengst árlega frá sem flestum byggðarlögum og að menn geti stundað veiðarnar sem mest heiman að. Með því nýtast síldarverksmiðjurnar og söltunarstöðvarnar bezt og ættu að geta borgað hærra verð fyrir síldina.

Nauðsynlegt er að hafa nægilega mörg síldarleitarskip úti hverju sinni, til þess að sem gleggst yfirlit fáiist um síldargöngur og veiðihorfur. Sá kostnaður, er af því leiddi, fengist margfaldlega endurgoldinn með auknum afla.

Eðlilegt er, að ríkissjóður standi undir þeim kostnaði, er af þessari starfsemi kann að leiða.